





Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2024

JARÐ2AJ05

Kennari	Harpa Kristín Einarsdóttir: harpa.einarsdottir@fss.is				
Viðtalstími	Miðvikudagar kl. 9:20-10:00, staðsetning eftir samkomulagi.				
Námsefni	Kennslubók: Jarðfræði fyrir framhaldsskóla (vefbók) https://jardfraedi.vefbok.idnu.is/ Annað efni frá kennara á INNU.				
Áfangalýsing	<p>Áfanganum er ætlað að kynna jarðfræðina sem vísindagrein, skýra tengsl hennar við aðrar fræðigreinar og notagildi hennar við íslenskar aðstæður.</p> <p>Ekki síður auka þekkingu og skilning nemenda á umhverfi sínu, eðli þess og myndun svo og helstu ferlum og lögmálum sem stjórna því og móta. Áhersla er lögð á að útskýra jarðfræðilega sérstöðu Íslands og reynt er að gera jarðfræði Reykjanesskagans nokkur skil.</p> <p>Að þessu fengnu ættu nemendur að þekkja, skilja og njóta betur íslenskrar náttúru og sérstöðu hennar, jafnt í leik sem og í starfi.</p> <p>Í áfanganum er lögð áhersla á verkefnavinnu í kennslustundum þar sem nemendur vinna verkefni sín undir leiðsögn kennara.</p> <p>Virk þátttaka nemenda í eigin námi liggur til grundvallar.</p>				
Námsmat og vægi námsmatsþátta	<p>Áfanginn er símatsáfangi með áherslu á verkefnavinnu nemenda. Mikilvægt er að nemendur stundi námið jafnt og þétt. Til þess að standast áfangann þarf að ná lágmarkseinkunn 4,5 í öllum námsþáttunum þremur. Þannig þarf meðaleinkunn skilaverkefna og könnunarprófa hvort um sig að ná 4,5 og einkunn fyrir vinnubók að ná 4,5. Upptökupróf eru í lok annar og má taka eitt próf upp. Vinnubók skal skilað tvisvar á önninni, fyrir vetrarleyfi og í lok annar. Fyrir hvert könnunarpróf verður lokað fyrir skil á verkefnum úr þeim hluta sem prófið er úr og ekki verður hægt að skila þeim síðar á önninni. Ekkert lokapróf er í áfanganum.</p> <table border="1" data-bbox="448 1760 1398 1827"> <tr> <td>Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/></td> <td>Lokapróf <input type="checkbox"/></td> <td>Sleppikerfi <input type="checkbox"/></td> </tr> </table>		Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>	Sleppikerfi <input type="checkbox"/>
Símatsáfangi <input checked="" type="checkbox"/>	Lokapróf <input type="checkbox"/>	Sleppikerfi <input type="checkbox"/>			
	Heiti	Vægi			
	Skilaverkefni	35%			
	Vinnubók	25%			
	Könnunarpróf 1, 2 og 3	40%			

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.
----------------------	---

Annað sem kennari vill láta koma fram	Munið að spyrja ef eitthvað er óljóst. Sendið mér tölvupóst og látið mig vita ef eitthvað bjátar á. Betra er að gera það strax frekar en að bíða með það.
--	---

Þekking	Leikni
<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • jarðfræðilegum fyrirbærum • hugtökum og kenningum, s.s. útrænum og innrænum öflum, lagskiptingu jarðar, landrekskenningunni, myndunarsögu steinda og bergtegunda • sérstöðu Íslands í jarðfræðilegu samhengi. 	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • nota og skilja hugtök fræðigreinarinnar • leysa verkefni sem viðkoma fræðigreininni s.s. finna upptök jarðskjálfta, stærð þeirra og áhrif teikna þversnið.
	
Hæfni	
<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verða læs á landið sitt, náttúru og umhverfi • skilja og mynda sér skoðanir um það sem þeir lesa, heyra og sjá t.d. í fjölmiðlum á þessu sviði. 	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna t.d. lestur og vinnubók	16 vikur x 4 tímar x 20 mín.	32 klst.
Undirbúningur f. próf	3 x 5 klst.	15 klst.
Skilaverkefni	6 klst.	6 klst.
Alls		117 klst. = 5 fein*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. - 23. ágúst	Kynning á áfanga Kafli 1: Jarðfræði og jarðfræðirannsóknir Hringrás bergs	Skilaverkefni 1: Reykjanes
2. vika 26. - 30. ágúst	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 2: Wegener
3. vika 2. - 6. september	Kafli 2: Flekarek og heitir reitir	Skilaverkefni 3: Ferðalag kenninganna
4. vika 9. - 13. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	Könnunarpróf 1: Kaflar 1-2
5. vika 16. - 20. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	
6. vika 23. - 27. september	Kafli 3: Jarðskjálftar	Skilaverkefni 4: Jarðskjálftar
7. vika 30. september - 4. október	Kafli 4: Steindir	Skilaverkefni 5: Steinar í kassa
8. vika 7. - 11. október <i>Námsmatsdagur</i>	Kafli 4: Steindir	Fyrri skil á vinnubók Könnunarpróf 2: Kaflar 3-4
9. vika 14. - 18. október <i>Miðannarmat</i>	Kafli 5: Kvika og storkuberg	
10. vika 21. - 24. október <i>Vetrarleyfi 25. okt.</i>	Kafli 5: Kvika og storkuberg	
11. vika 29. október - 1. nóvember <i>Vetrarleyfi 28. okt.</i>	Kafli 6: Eldsumbrot	
12. vika 4. - 8. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	Skilaverkefni 6: Eldfjöll
13. vika 11. - 15. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	
14. vika 18. - 22. nóvember	Kafli 6: Eldsumbrot	Könnunarpróf 3: Kaflar 5- 6
15. vika 25. - 29. nóvember	Kafli 8: Jöklar	Skilaverkefni 7: Jöklar
16. vika 2. - 6. desember	Sjúkra og upptökupróf	Seinni skil á vinnubók

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Harpa Kristín Einarsdóttir